

## Fimmtánda fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn miðvikudaginn 30. september 2015 kl. 15:30 að Garðvegi 1, Sandgerði.

### Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands  
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum  
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja  
Jóna Rut Jónsdóttir, fulltrúi SSS  
Ólafur Þór Ólafsson, stjórnarformaður  
Sverrir Guðmundsson, fulltrúi Keilis

Stjórnarformaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Erindi frá SSS vegna menntamála í Sóknaráætlun Suðurnesja

Forstöðumaður kynnti erindi sem barst Þekkingarsetrinu frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum vegna vinnu að tillögum um úrbætur í menntamálum í tengslum við Sóknaráætlun Suðurnesja. Óskað var eftir því að Þekkingarsetrið tæki verkefnið að sér en það felur m.a. í sér áætlanagerð fyrir árin 2015-2018. Stjórn samþykkti einróma að setrið tæki verkefnið að sér og fól forstöðumanni að gera samning við SSS.

#### 2. Samningur vegna sýningarinnar *Huldir heimar hafsins*

Forstöðumaður kynnti drög að samningi vegna sýningarinnar *Huldir heimar hafsins – Ljós þangálfanna* sem gerður verður við hugsmiði sýningarinnar, Katrínu Þorvaldsdóttur og Eydísi Mary Jónsdóttur. Stjórn samþykkti samninginn einróma án athugasemda.

#### 3. Munaskrá og samkomulag um umsjón og rekstur sýningarinnar *Heimskautin heilla*

Forstöðumaður kynnti nýja munaskrá sýningarinnar *Heimskautin heilla* og fór yfir drög að samkomulagi um umsjón og rekstur sýningarinnar á milli Sandgerðisbæjar, Háskóla Íslands og Þekkingarsetursins. Stjórn samþykkti samkomulagið einróma með tveimur breytingum.

#### 4. Erindi frá Keili um sameiningu mennta- og rannsóknastofnana á Suðurnesjum

Forstöðumaður kynnti erindi sem barst frá framkvæmdastjóra Keilis um viðræður um kosti sameiningar mennta- og rannsóknastofnana á Suðurnesjum, og sagði frá fundi þess efnis. Forstöðumanni var falið að fylgja verkefninu eftir.

## 5. Önnur mál

- a) Opnunartími sýninga Þekkingarsetursins var ræddur og ákveðið að hafa hann óbreyttan að sinni.
- b) Framlenging á ráðningarsamningi líffræðings Þekkingarsetursins var rædd og ákveðið að taka ákvörðun um hana á næsta fundi þegar rekstraráætlun næsta árs verður tekin fyrir.
- c) Ákveðið var að halda næsta fund stjórnar miðvikudaginn 18. nóvember kl. 15:30.

Fundi var slitið kl. 17:35.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

---

Björk Guðjónsdóttir - SIGN

---

Ólafur Þór Ólafsson - SIGN

---

Halldór Pálmar Halldórsson - SIGN

---

Sverrir Guðmundsson - SIGN

---

Jóna Rut Jónsdóttir - SIGN

---

Hanna María Kristjánsdóttir - SIGN